

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 9

Dags. 21.6.2012

Fundargerð brunavarnanefndar

Fundur í brunavarnanefnd Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn á Slökkvistöðinni á Kvíhólsmýri í Reykjadal, 24. apríl 2012 og hófst fundurinn kl. 17:00.

Á fundinn voru allir nefndarmenn mættir, Arnór Benónýsson, Hólmgeir Hallgrímsson og Helga A. Erlingsdóttir, sem ritaði fundargerð auk slökkviliðsstjóra, Bjarna Höskuldssyni.

Formaður nefndarinnar Arnór Benónýsson setti fundinn og bauð fólk velkomið. Þá var gengið til dagskrár sem var í þremur liðum:

1) Slökkviliðsstjóri greinir frá stöðu mála.

a) Fyrst gat slökkviliðsstjóri þess að mikill tími hefði farið í eldvarnaeftirlit vegna breytinga á byggingareglugerð nýverið varðandi hótél og gististaði. Áður beindist eftirlitið aðallega að stærri og fjölmennari hótélum og gististöðum en nú eru minni staðirnir undir samskonar eftirliti.

b) Slökkviliðsstjóri greindi frá því að hann væri búinn að gera lista yfir útbúnað slökkviliðanna og senda Mannvirkjastofnun. Þá þurfa tryggingafélög sveitarfélaganna sem er VÍS hjá báðum sveitarfélögum að fá líka lista. VÍS vill hafa listann sundurliðaðan þannig að það komi fram hvað af búnaði er á hverri slökkvistöð.

c) Menntunarmál. Tuttugu manns innan slökkviliðanna fór í fjarnám í haust í slökkviliðsstarfi og 12 þeirra hafa lokið bóklega náminu núna. Boðið verður upp á verklegt nám næsta haust. Mikilvægt er að slökkviliðsmenn ljúki þessu námi en að auki þurfa þeir að standast þrek- og þolpróf og ítarlega læknisskoðun til að geta fengið viðurkenningu sem slökkviliðsmenn. Þá stendur til námskeið á Húsavík í verklegri þjálfun í björgun úr húsum og bílflökum.

d) Ákveðið að hafa formlega opnun á Slökkvistöðinni á Kvíhólsmýri þann 12. maí n.k. og verður hún auglýst nánar í Hlaupastelpunni og Mýflugunni þegar nær dregur.

e) Þá lagði slökkviliðsstjóri fram tillögu að merki brunavarna í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit.

Nefndarmenn samþykktu tillöguna.

2) Drög að samningi við Landsvirkjun um brunavarnir í Þeistareykja- og Bjarnarflagsvirkjunum kynntur.

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að þjónustusamningi vegna brunavarna við byggingu tilvonandi virkjana á Þeistareykjum og í Bjarnarflagi. Frekari viðræður um samninginn verða væntanlega á haustdögum.

3) Önnur mál.

Rætt var almennt um framtíð slökkviliðsins, mannafla, búnað, húsnæði og fl. Gera þarf skrá yfir vatnsból á svæðinu með tilliti til vatnsöflunar fyrir slökkviliðið. Einhverjar skrár eru til um hluta svæðisins en þær þarf að uppfæra og bæta auk við þær upplýsingar um svæði sem engar skrár eru til yfir. Slökkviliðsstjóra falið að semja við formenn björgunarsveitanna á svæðinu um að björgunarsveitirnar afli upplýsinga um vatnsból í samvinnu við skipulagsfulltrúa sveitarfélaganna. Upplýsingar liggja fyrir að hægt sé að fá gagnagrunn yfir svæðið hjá Tölvumyndum sem gæti nýst.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.

Að loknum fundi skoðaði nefndarfólk slökkvistöðina á Kvíhólsmýri sem er komin í betra húsnæði og búnaður verið endurnýjaður í kjölfar óhapps sem var í slökkvistöðinni í Reykjadal fyrr á árinu.